

Stjórnarháttayfirlýsing

Veritas leggur áherslu á gagnsæi, heiðarleika og siðferði í starfi sínu. Í heiðri eru höfð gildi fyrirtækisins og dótturfélaga þess; áreiðanleiki, hreinskiptni og framsækni.

Fyrirtækið fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð o.fl. hafa gefið út en þær fela í sér leiðbeiningar um innleiðingu reglna sem eru umfram það sem kveðið er á um í lögum og ætlað er að styrkja innviði fyrirtækisins og traust þess út á við.

1 Hluthafar

- Hluthafar fara með ákvörðunarvald um málefni félagsins og eru þeir æðsta valdið í málefnum þess.

2 Lög og reglur

- Veritas starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

3 Stjórn

- Í stjórn Veritas sitja þrjú stjórnarmenn. Þau eru Hreggviður Jónsson, stjórnarformaður, Hörður Arnarson og Þórunn Jónsdóttir.
- Félagið uppfyllir 63. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 um hlutfall kynja í stjórn.
- Stjórn Veritas hefur sett sér starfsreglur í 15 liðum samkvæmt 5. mgr. 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Í reglunum er ítarlega kveðið á um störf hennar, mat á árangri og ábyrgð, meðal annars um valdsvið og verkaskiptingu. Starfsreglur stjórnar er að finna á heimasíðu félagsins.
- Fulltrúar í stjórn Veritas leggja fram persónulegar upplýsingar á borð við önnur trúnaðarstörf, stjórnarsetu í öðrum félögum og önnur möguleg hagsmunatengsl til að auðvelda mat á hæfi þeirra. Stjórnarmenn í Veritas eiga ekki hagsmunatengsl við helstu viðskipta- og samkeppnisaðila fyrirtækisins. Samkvæmt skilgreiningu leiðbeininga um stjórnarhætti skal meirihluti stjórnarmanna því teljast óháður.

3.5 Upplýsingar um stjórnarmenn

Hreggviður Jónsson, stjórnarformaður, er fæddur 18. júní 1963 og búsettur í Reykjavík. Hann er jafnframt aðaleigandi félagsins með um 77% hlut í gegnum einkahlutafélagið Stormtré ehf. Hreggviður er með BA gráðu í hagfræði frá Macalester College í St. Paul í Minnesota og MBA gráðu frá Harvard Business School í Boston. Hreggviður hefur viðtæka stjórnunarreynslu úr ýmsum geirum þjóðlífsins. Áður en hann stofnaði Veritas árið 2002 var hann forstjóri Norðurljósa og þar áður fjármálastjóri Íslenska útvarpsfélagsins. Ennfremur starfaði hann sem ráðgjafi hjá McKinsey & Company í Svíþjóð. Hreggviður var forstjóri Veritas og þar áður Vistor frá 2002-2013. Hreggviður hefur setið í stjórn hjá ýmsum fyrirtækjum og samtökum.

Þórunna Jónsdóttir er fædd 19. desember 1968 og búsett á Eyrarbakka. Hún starfar sem stjórnendaráðgjafi hjá eigin fyrirtæki, Delta-ráðgjöf. Hún er einnig lektor við Háskólann í Reykjavík og hefur um árabíl sinnt ýmsum störfum við skólann, m.a. sem forseti viðskiptadeildar og framkvæmdastjóri stjórnunar og rekstrar. Þá hefur Þórunna starfað sem framkvæmdastjóri viðskiptapróunar hjá Auði Capital, Veritas og Vistor, auk þess að vera fyrsti framkvæmdastjóri Artasan. Þórunna hefur viðtæka reynslu af stjórnendabjálfun og ráðgjöf á sviði breytingastjórnunar, stefnumótunar og stjórnarháttá. Hún er formaður stjórnar Landsbréfa og hefur áður setið m.a. í stjórn Festi, Krónunnar, Íslandsbanka og Lyfju. Þórunna er doktor í stjórnarháttum frá Cranfield University í Bretlandi, lauk MBA gráðu frá IESE í Barcelona og MSc gráðu í lyfjafræði frá HÍ. Þórunna er óháður stjórnarmaður.

Hörður Arnarson er fæddur 24. nóvember 1962 og búsettur í Reykjavík. Hann er forstjóri Landsvirkjunar. Hann starfaði hjá Marel hf. frá 1985 og þar af sem forstjóri fyrirtækisins í tíu ár, frá 1999-2009. Hörður hefur viðamikla reynslu af stjórnun fyrirtækja á alþjóðlegum vettvangi. Hann hefur gegnt fjölda trúnaðarstarfa í íslensku atvinnulífi á undanförunum árum. Hörður er með próf í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands og doktorspróf í verkfræði frá DTU, ásamt því að hafa sótt ýmis námskeið við INSEAD og Harvard Business School. Hörður er óháður stjórnarmaður.

3.6 Innra eftirlit og áhættustýring

Endurskoðendur félagsins eru kosnir til eins árs í senn á aðalfundi. Endurskoðendur félagsins mega ekki eiga hlut í félaginu, eða tengdir aðilar. Endurskoðendur skulu endurskoða ársreikninga félagsins á grundvelli alþjóðlegra endurskoðunarstaðla. Endurskoðendur félagsins gera ýmsar kannanir á bókum félagsins í tengslum við ársuppgjör þess. Skulu þeir ávallt hafa fullan aðgang að gögnum félagsins og greina frá frávikum í bókum þess í endurskoðunarskýrslu sem lögð er fyrir stjórn félagsins áður en ritað er undir ársreikninginn.

Endurskoðendur félagsins í dag eru KPMG hf. og er aðalendurskoðandi félagsins Hlynur Sigurðsson, löggiltur endurskoðandi. Hlynur hefur verið endurskoðandi félagsins frá 2013, en tók við sem aðalendurskoðandi 2016.

Árlega gerir hver deild félagsins áætlun fyrir rekstur næsta árs. Rekstur samstæðunnar í heild, hvers fyrirtækis, sviðs og deildar er gerður upp mánaðarlega, en það gerir stjórn félagsins kleift að bera árangur saman við áætlanir, fylgjast með breytingum í rekstri og grípa til aðgerða ef um verulega neikvæðar breytingar er að ræða. Sama gildir um efnahags- og sjóðstreymisáætlanir fyrir félagið í heild.

- 3.7 Stjórnin kemur að jafnaði saman ársfjórðungslega. Hún fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess.
- 3.8 Stjórnin annast um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í góðu horfi svo og að hagsmuna allra hluthafa sé ávallt gætt. Hún hefur forystu ásamt forstjóra við mótun stefnu og setningu markmiða. Stjórnin ber endanlega ábyrgð á rekstri félagsins og þarf því að hafa yfirsýn yfir starfsemi og veita stjórnendum eðlilegt aðhald.

Stjórn Veritas ræður forstjóra félagsins, gengur frá starfslýsingu í ráðningarsamningi hans og veitir honum lausn. Stjórnin hefur eftirlit með störfum forstjóra og fer ásamt honum með stjórn félagsins.

4 Upplýsingar um forstjóra

Forstjóri Veritas er Hrund Rudolfsdóttir, fædd 25. mars 1969 og búsett í Reykjavík. Hún ber höfuðábyrgð á þróun og daglegum rekstri félagsins. Hrund er með M.Sc. gráðu í alþjóðaviðskiptum frá Copenhagen Business School og Cand.oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Hún var framkvæmdastjóri starfsþróunar hjá Marel frá 2009-2013 og gegndi starfi framkvæmdastjóra rekstrar- og fjárfestingarverkefna hjá Milestone ehf./Moderna Finance ehf. frá 2007-2009. Þar áður var hún framkvæmdastjóri L&H eignarhaldsfélags 2003-2007 og framkvæmdastjóri Lyfja & heilsu hf. 2003-2006. Hrund situr í stjórn nokkurra fyrirtækja og samtaka á Íslandi.

4.1 Í framkvæmdastjórn Veritas sitja auk forstjóra félagsins, framkvæmdastjórar dótturfélaga, fjármálastjóri, deildarstjóri upplýsingatæknideildar og deildarstjóri innri þjónustu/starfsmannastjóri.

Þau eru:

- Gunnur Helgadóttir, framkvæmdastjóri Vistor. Gunnur er með B.Sc. gráðu í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands og MBA frá Háskólanum í Reykjavík. Hún hefur starfað hjá félaginu frá árinu 2003.
- Júlía Rós Atladóttir, framkvæmdastjóri Distica. Júlía er með M.Sc. gráðu í stjórnun og stefnumótun frá Háskóla Íslands, B.Ed. gráðu frá HÍ, diplóma í mannauðsstjórnun frá HÍ, diplóma í verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun frá HÍ og lyfjatæknir frá Heilbrigðisskólanum við Ármúla. Júlía tók við starfi framkvæmdastjóra árið 2020.
- Brynjúlfur Guðmundsson, framkvæmdastjóri Artasan. Brynjúlfur er með MBA gráðu og B.Sc. í alþjóða markaðsfræði frá Háskólanum í Reykjavík. Brynjúlfur hóf störf hjá félaginu árið 2007.
- Sigtryggur Hilmarsson, framkvæmdastjóri MEDOR. Sigtryggur er með meistaraþáttgráðu í lyfjafræði frá Háskóla Íslands og MBA próf frá Rotterdam School of Management. Hann hóf störf hjá félaginu 2004.
- Ólafía Ása Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Stoðar. Ása er MBA frá Háskólanum í Reykjavík, M.Sc. í heilbrigðisvísindum frá Háskóla Íslands og B.Sc. í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands. Hún tók við starfi framkvæmdastjóra árið 2020.
- Kjartan Steinsson er fjármálastjóri Veritas. Kjartan er viðskiptafræðingur Cand.oecon. af fjármálasviði frá Háskóla Íslands. Hann gekk til liðs við félagið árið 2007.
- Pétur Veigar Pétursson er deildarstjóri innri þjónustu og mannauðsstjóri Veritas. Pétur Veigar er með meistaraþáttgráðu í mannauðsstjórnun frá viðskiptafræðideild

Háskóla Íslands og B.Sc. gráðu í íþróttافرæði frá Kennaraháskóla Íslands. Hann hóf störf hjá samstæðunni árið 2016.

- Hákonía J. Guðmundsdóttir er deildarstjóri upplýsingatæknideildar Veritas. Hákonía er með B.Sc. gráðu í tölvunarfræði frá Háskóla Íslands og MBA frá University of Edinburgh. Hún hóf störf hjá Veritas árið 2017.

4.2 Engar undirnefndir eru starfandi undir stjórn félagsins. Stjórn skipar ekki í tilnefningarnefnd.

5 Mat á árangri

5.1 Stjórn Veritas leggur mat á eigin störf og störf forstjóra og framkvæmdastjóra er varða þróun félagsins. Er það m.a. gert með yfirferð rekstraruppgjöra og upplýsingamiðlun á fundum stjórna svo sem um starfsmannamál, starfsánægju og mælingu á þjónustustigi gagnvart birgjum og viðskiptavinum.

Gildi og samfélagsleg ábyrgð

5.2 Fyrirtæki Veritas hafa sett sér siðareglur þar sem fram koma m.a. þau gildi sem starfsemin byggir á sem eru áreiðanleiki, hreinskiptni og framsækni. Þau lýsa þeim meginreglum sem endurspeglar starfsmenningu fyrirtækjanna. Siðareglurnar má finna á heimasíðum félaganna og í starfsmannahandbók samstæðunnar.

5.3 Samfélagsleg ábyrgð birtist í því að starfsmenn og stjórnendur gera sér grein fyrir ábyrgð sinni og að hún nær einnig til samfélagsins og umhverfisins. Sem dæmi má nefna þá veitir samstæðan árlega styrk til samfélagslegra góðgerðarmála.

6 Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

6.1 Félagið er ekki skráð á verðbréfamarkað og hafa hluthafar aðgang að upplýsingum um rekstur þess á aðalfundi eða öðrum hluthafafundum.

7 Upplýsingar um stjórnarhætti

Yfirlýsing um stjórnarhætti Veritas er aðgengileg á vef félagsins: www.veritas.is

Síðast uppfært í ágúst 2020.